

## Stjórnarfundur FNS

### Fundargerð

**Föstudaginn 11. október, kl. 12:00, Framvegis, Skeifunni 11**

Mættar: Helga Tryggvadóttir, Helga Lind Hjartardóttir, Ingibjörg Kristinsdóttir, Sigríður Sigurðardóttir, Hildur Katrín Rafnsdóttir, Svanhildur Svavarsdóttir og Margrét Arnardóttir var á Skype.

1. PR mál. Upplýsinga og kynningarnefnd. Upptökur fara fram í FMOS laugardaginn 14. október og hefjast tölur kl. 8:30. Systa sagði frá skipulagi laugardagsins, en það er ekki alveg klárt. Það þarf að klára handritin og er Upplýsinga og kynningarnefnd að gera það. Inga Jóna í Tækniskólanum sagði sig úr nefndinni. Hrönn og Gríma komast ekki á laugardaginn. Fjóla ætlar að athuga með Arnar eða Heimi sem ráðgjafa. Við þurfum að athuga hvað kynningarnefndin er komin með, Systa kannar það. Þær þurfa að ákveða hvað þær vilja hafa í bæklingnum og þá gerir Bjarney bækling. Senda á bæklinginn á alla skóla, símenntunarstöðvar, þjónustustöðvar og sveitarfélög.
2. Stefnumótunarmál: senda á spurningar á alla framboðsflokkana. Ingibjörg og Systa og Helga Lind fóru á fund hjá KÍ. Hittu Aðalheiði varaformann og fulltrúa frá ýmsum ráðum. Verið er að undirbúa vorþing KÍ. Þau vilja fá okkur í samstarf og eru áhugasöm um það sem tengist náms- og starfsráðgjöf. Við munum senda spurningu á alla framboðsflokka og aðra spurningu um stefnumótun og senda stefnumótunina með í viðhengi. Spyrja: Hvað vill þinn flokkur gera til að uppfylla lagaskyldur við einstaklinga um rétt þeirra til náms- og starfsfræðslu. Aðalheiður er tengiliður okkar við KÍ. Ef ekki er farið eftir lögum hvað varðar náms- og starfsráðgjöf þá á að leita til KÍ. Það eru til verklagsreglur um hvað skal gera ef ekki er farið eftir lögum. Við erum fagfélag en ekki stéttarfélag og því fara þessi mál til viðkomandi stéttarfélags.
3. Dagur náms- og starfsráðgjafa. Það eru um það bil 50 félagsmenn búnir að ská sig, við viljum sjá fleiri. Það þarf að senda ítrekun á félagsmenn. Félagsmenn vilja fá betri upplýsingar um námskeiðið, það þarf að senda ítarlegri dagskrá. Ingibjörg sendir á fræðslunefndina að það þurfi að auglýsa þetta betur. Svanhildur ræðir við Dagnýju Broddadóttur og athugar hvort hún geti sagt frá sinni reynslu af námskeiðinu í Madrid og út á hvað námskeiðið gekk til að hægt sé að senda það á félagsmenn. Stjórnin fer út að borða á föstudagskvöldinu 27.10 með fyrirlesurunum.
4. NFSY Margrét er búin að vera í samband við Elísabetu gjaldkeri NFSY vegna styrksins frá KÍ. Margrét gat ekki sótt um styrkinn fyrir hönd nefndarinnar, umsóknin þarf að fara í gengum FNS og sér Ingibjörg formaður um það.
5. Önnur mál
  - a. Ráðstefna Gautaborg 2018. Helga Lind fer í að athuga flugið.
  - b. Styrkir frá SEF: gestafyrirlestur og ráðstefnuferð, umsóknarfrestur lýkur 10. október (komst að þessu 10.10). Ingibjörg sækir um styrkinn.

Næsti fundur verður 3. nóvember kl. 12:30 í Framvegis

Fundi slitið kl. 13:30, boðið var upp á léttar veitingar á fundinum

Fundarritari

Svanhildur Svavarsdóttir